

STJÓRN SORPU BS.

Ár 2016, miðvikudaginn 21 september var haldinn 366. Fundur stjórnar SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins. Fundur hófst kl.07.30. Viðstödd voru Bjarni Torfi Álfþórsson, Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sigurður Guðmundsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Sturla Þorsteinsson boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundinn.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á greinargerð um forsendur rekstraráætlunar og drög að rekstraráætlun fyrir tímabilið 2017 – 2021.
2. Lagt fram bréf Vestmanneyjabæjar, dags. 6. september 2016, þar sem óskað er eftir því að SORPA taki við úrgangi til urðunar til 1. september 2019. Samþykkt og framkvæmdastjóra falið að eiga frekari viðræður við Vestmanneyjabæ um framtíðar fyrirkomulag.
3. Lagt fram og kynnt drög að erindisbréfi vegna innri endurskoðunar. Samþykkt.
4. Lagt fram yfirlit yfir tilboð í gerð reinar 20 í Álfsnesi. Alls bárust 8 tilboð þar af tvö frávikstilboð. Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Verð með vsk (eins og lesin við opnun)	
ÍAV	546.603.145,-	(103,8%)
ÍAV- frávik	539.603.145,-	(102,5%)
Suðurverk hf.	569.915.195,-	(108,3%)
GT Hreinsun ehf	592.585.000,-	(125,7%)
Hálsafell hf.	733.718.600,-	(139,4%)
LNS Saga ehf	753.264.633,-	(143,1%)
Ístak hf.	780.283.152,-	(148,2%)
Borverk hf.	1.164.114.000,-	(221,1%)
Borverk – frávik	952.364.000,-	(180,9%)
Kostnaðaráætlun	526.424.600,-	(100,0%)

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda eftir staðfesta yfirferð.

5. Fundargerð eigendafundar og bókun stjórnar SSH
Lagt fram til kynningar fundargerð af fundi eigenda og stjórnar þann 5. september sl. og bókun stjórnar SSH um málefni endurvinnslustöðvanna frá sama degi.

Fundi slitið klukkan 9.15

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal
Rósa Guðbjartsdóttir
Bjarni Torfi Álfþórsson
Bjarni Hjarðar

Sigurður Guðmundsson
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Björn H. Halldórsson
Sigríður Björg Einarsdóttir